

Skrifstofa Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. júní 2018

Tilvísun: 2018040776BS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 29. maí 2018 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016 um útlendinga og lögum nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (þskj. 898, 564. mál á 148. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga, eru 2. og 11. gr. þess. Gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir við þessi ákvæði:

1.

Um 2. gr. frumvarpsins

Samkvæmt tillögu 2. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 17. gr. laga nr. 80/2016, yrðu barnaverndaryfirvöld á meðal þeirra stjórnvalda sem ynnu með persónuupplýsingar vegna framkvæmdar laga um útlendinga, auk þess sem hlutaðeigandi stjórnvöldum yrði heimilt að samkeyra persónuupplýsingar til að tryggja hagsmuni barns við málsmeðferð hjá Útlendingastofnun. Í athugasemdum við greinina í greinargerð með frumvarpinu er þetta rökstutt með því að með hagsmuni barna að leiðarljósi þurfi umræddum stjórnvöldum að vera kunnugt um hagi barns sem óskað hefur eftir dvalarleyfi eða alþjóðlegri vernd hér á landi. Sé því barnaverndaryfirvöldum bætt við þær stofnanir sem heimilt sé að miðla á milli sín viðkvæmum persónuupplýsingum á grundvelli ákvæðisins.

Persónuvernd telur ljóst að viðhafa geti þurft vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja að hagsmunir barna njóti verndar við meðferð mála á grundvelli umræddra laga. Persónuvernd vekur aftur á móti jafnframt athygli á að misræmi er á milli annars vegar sjálfrar tillögu

frumvarpsákvæðisins, auk þess ákvæðis laga um útlendinga sem tillagan lýtur að, og hins vegar athugasemda frumvarpsins við tillöguna. Nánar tiltekið ræðir um *samkeyrslur* í frumvarpstillögunni, sem og umræddu ákvæði laga um útlendinga, en *miðlun* í athugasemdunum. Í athugasemdunum ræðir auk þess um viðkvæmar persónuupplýsingar án þess að slíkar upplýsingar séu tilgreindar í frumvarpstillögunni og lagaákvæðinu.

Í ljósi framangreinds er vakin athygli á mikilvægi þess að heimildir til vinnslu persónuupplýsinga séu skýrar, einkum séu þær viðkvæmar. Vart yrði talið, verði umrætt frumvarp að lögum óbreytt, að 2. gr. laga um útlendinga teldist þá vera sérstök lagaheimild í skilningi 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar sem heimilaði þá skerðingu á friðhelgi einkalífs að vinna mætti með viðkvæmar persónuupplýsingar. Hvað þetta varðar skal bent á að ekki væri nægilegt að slíkar upplýsingar væru nefndar í frumvarpsathugasemdum heldur yrðu þær að vera tilgreindar í lagatextanum sjálfum. Þá yrði að vera ljóst að farið hefði verið yfir hvaða upplýsingar teldust nauðsynlegar til að ná því markmiði sem að væri stefnt, auk þess sem orðalag ákvæðisins þyrfti að endurspeglar þá vinnslu sem því væri ætlað að heimila. Það sem fyrr greinir um misræmi í orðalagi, þ.e. að í frumvarpsathugasemdum ræði um miðlun en að í lagatextanum yrði tilgreind samkeyrsla, vekur upp þá spurningu hvort nægilega vel hafi verið hugað að þessu.

2.

Um 11. gr. frumvarpsins

Í 11. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 10. gr. laga nr. 16/2000, er lagt til að tollgæslan verði á meðal þeirra stjórnvalda sem hefðu beinlínuaðgang að Schengen-upplýsingakerfinu. Nánar tiltekið kemur fram að það yrði vegna eftirlits á landamærum og þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu. Í ljósi tilgangs Schengen-upplýsingakerfisins, eins og hann er skilgreindur í meðal annars 1. mgr. 4. gr. laga nr. 16/2000 og 93. gr. samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagins frá 14. júní 1985, gerir Persónuvernd ekki athugasemd við umrætt frumvarpsákvæði.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Hildur Þórarinsdóttir